

Alþingi
Erindi nr. P 140/1254
komudagur 16.2.2012

From: Guðjón Axel Guðjónsson [<mailto:guðjon@sa.is>]
Sent: 16. febrúar 2012 09:28
To: Þröstur Freyr Gylfason
Subject: RE: Mál 353

353.mál

Sæll aftur.

Ég er búinn að fá viðbrögð frá okkar Samtökum iðnaðarins varðandi þetta mál. Almennt er afstaðan til innleiðingar á svona reglum að sömu reglur eiga að gilda hériendis og á Evrópusvæðinu. Framleiðendur rafbúnaðar eru margir að selja á alþjóðamarkað og fylgja því reglum sem gilda á þeim mörkuðum. Varðandi það hvort þetta muni hafa áhrif hériendis er svarið já, því verið er að gera meiri kröfur til vishönnunar og rekjanleika hönnunargagna, en flest stærri fyrirtækjanna vinna eftir gæðastöðlum sem taka tillit til þessara reglna. Því er trúlega ekki ástæða til aðlögunar á tilskipuninni hériendis og okkar fyrirtæki munu fylgja þessu eins og aðrir.



Kær kveðja,

Guðjón Axel Guðjónsson

Samtök atvinnulífsins
Farsími 821 0007 · Beinn Sími 591 0007 · Fax 591 0050
guðjon@sa.is - www.sa.is



Alþingi
Atvinnunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2011

Efni: Umsögn um töku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins frá 19. maí 2010 (Directive 2010/30/EU) upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið

Vísað er til erindis atvinnunefndar Alþingis, dags. 9. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Samtaka atvinnulífsins og Samtaka verslunar og þjónustu um að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 19. maí 2010 (Directive 2010/30/EU) verði tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipunin varðar merkingar og upplýsingaskyldu um orkunotkun vöru sem sett er á markað.

Samtök atvinnulífsins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu skila sameiginlegri umsögn um þingsályktunartillöguna.

Samtökin benda á að umræddri tilskipun er ætlað að leysa af hólmi eldri tilskipun sama efnis, nr. 92/75/EBE frá 22. september 1992, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 7/94. Tilskipun 92/75/EBE var innleidd hér á landi með lögum nr. 72/1994 en á grundvelli þeirra laga hafa ýmsar tilskipanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, settar á grundvelli heimildar í tilskipun 92/75/EBE, verið innleiddar með reglugerðum hér á landi.

Tilskipun þessi, sem og forveri hennar, er hluti af aðgerðum ESB til að ná markmiðum sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þ.a.l. einnig hluti af loftslagsstefnu sambandsins. Einnig er með þessum tilskipunum stefnt að umbreytingu í orkumálum sambandsins með því að ýta undir bættu orkunýtni með því að veita neytendum upplýsingar um orkunotkun ýmissa heimilistækja.


Staða Íslands í orkumálum er gjörólík flestum ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum, en hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er hér mun hærra en almennt gengur og gerist. Þannig er t.d. 99,9% af raforkuþörf Íslendinga uppfyllt með raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, hlutfall sem seint verður náð af ríkjum ESB þar sem sambærilegt hlutfall er að meðaltali rétt fyrir ofan 15%. Það sem hins vegar má segja að sé sambærilegt með Íslandi og þessum ríkjum er hlutfall orkugjafa í samgöngum, en umrædd tilskipun tekur hins vegar ekki til samgangna. Í

ljósi þessara aðstæðna má ætla að efni tilskipunarinnar hafi takmarkað gildi á Íslandi. Þegar sleppir sérstöðu Íslands í orkumálum stendur eftir það markmið tilskipunarinnar að upplýsa neytendur um orkunotkun vöru. Slíkar samræmdar upplýsingar aðstoða neytendur við að taka upplýsta ákvörðun um kaup á vörum út frá orkunotkun og öðrum eiginleikum.

Að mati samtakanna standa rök ekki til annars en að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn í samræmi við skuldbindingar aðila innri markaðar EES-samningsins. Tilskipunin kann hins vegar að kalla á breytingar á lögum nr. 72/1994 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Komi til upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn og innleiðingar leggja samtökin hins vegar ríka áherslu á að það sé gert með eins einföldum hætti og hægt er og að kostnaði fyrir fyrirtækin haldið í lágmarki. Benda samtökin á að ef gera á kröfu um að merkimiðar séu á íslensku þá sé heppilegast að stjórnvöld sjái til þess að íslensk útgáfa merkimiðanna sé öllum söluaðilum aðgengileg. Hér má benda á að merkimiðar fyrir söluaðila í aðildarríkjum ESB eru aðgengilegir á heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB (http://ec.europa.eu/energy/efficiency/labelling/energy_labelling_en.htm).

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðjón Axel Guðjónsson

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu



Lárus M.K. Ólafsson